



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
Einar K. Guðfinnsson  
forseti Alþingis  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Reykjavík 5. mars 2014

0909003SA KB/km  
Málalykill: 089

### Efni: Aðildarviðræður að ESB

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 28. febrúar 2014 var samþykkt að taka upp umræðu um þingsályktunartillögu, sem er til umræðu á Alþingi, um að aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu verði dregin til baka.

Eftirfarandi samþykkt var gerð samhljóða:

*„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hvetur Alþingi til að tryggja að meðferð þingsályktunartillögu um slit aðildarviðræðna við Evrópusambandið verði hagað með þeim hætti að sveitarfélögunum í landinu gefist ráðrúm til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.“*

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri

Samrit: Formenn þingflokka